



Svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 2. janúar 2026

MSS25110035

Stefna um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026 – 2030

Á fundi borgarstjórnar þann 16. desember 2025, var samþykkt meðfylgjandi stefna um fjölmenningsborgina Reykjavík.

Samkvæmt aðgerðaráætlun stefnunnar er samþykkt að:

1. Sviðin kynna sér stefnuna og greina hvernig þessi málaflokkur snertir þeirra starfsemi sem atvinnurekandi, þjónustuveitandi, samstarfsaðili og verkkaupi.
2. Í framhaldi vinna sviðin tímasettar aðgerðir fyrir þessa stefnu og taka mið af þeim áherslum sem koma fram hér.
3. Aðgerðaráætlanir verða lagðar fram til samþykktar í ráðum sviðanna fyrir 1. mars 2026 þegar það á við og er í kjölfarið vísað inn í gerð starfs- og fjárhagsáætlana eftir atvikum.
4. Mannréttindaskrifstofa mun fylgja eftir innleiðingu stefnunnar og leggja fram upplýsingar um framvindu aðgerðaáætlana sviðanna einu sinni á ári.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
Elísabet Pétursdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Stefna um fjölmenningsborgina Reykjavík



Reykjavík



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 18. desember 2025

MSS25110035

ívs

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 16.12.2025 varðandi eftirfarandi mál:

- 2. liður; stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026-2030

2. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 12. desember, stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026-2030, er samþykktur.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.

Afrit:
Mannréttindaskrifstofa



Reykjavík



Reykjavík, 10. desember 2025

MSS25110035

ep

Forsætisnefnd

Stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026 -2030 – niðurstöður samráðs

Á fundi borgarstjórnar þann 18. nóvember 2025, var samþykkt að vísa stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík, í samráðsferli í samráðsgátt Reykjavíkurborgar.

Samráðsferli í samráðsgátt Reykjavíkurborgar hófst þann 21. nóvember og lauk þann 9. desember 2025. Sjö umsagnir bárust.

Á fundi stýrihóps um fjölmeningarborgina Reykjavík, þann 10. desember sl. var lögð fram samantekt umsagna. Meðfylgjandi eru drög að stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík m.t.t. umsagna.

Óskað er eftir að stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík sé send borgarstjórn til samþykktar.

Virðingarfyllt,
Sabine Leskopf formaður stýrihóps

Hjálagt:

Stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026-2030

Umsagnir úr samráðsgátt Reykjavíkurborgar



Reykjavík

Stefna um fjölmeningarborgina Reykjavík 2026-2030



Desember 2025

Innihald

Inngangur:.....	2
Skilgreining hugtaka	3
Stefna:	4
Markmið aðgerðaáætlunar:	6
Fjármála- og áhættustýringarsvið:	6
Mannauðs- og starfsumhverfissvið:	6
Menningar- og íþróttasvið:	7
Skóla- og frístundasvið:	7
Umhverfis- og skipulagssvið:	7
Velferðarsvið:	7
Þjónustu- og nýsköpunarsvið:	7
Mannréttindaskrifstofa.....	8
Skrifstofa borgarritara:	8
Skrifstofa viðburða og samskipta:	8
Viðaukar	9
Erindisbréf stýrihópsins	9
Spurningar sem sendar voru sviðum og skrifstofum.....	11
Gögn sem höfð voru til hliðsjónar	11

Inngangur:

Á fundi borgarráðs 23. september 2024 var erindisbréf stýrihóps um stefnumótun fjölmeningarborgarinnar Reykjavík samþykkt. Fékk hópurinn það hlutverk að móta heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Þá var stýrihópnum falið að skrifa heildstæða stefnu og aðgerðaáætlun í þjónustu við innflytjendur, flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd innan borgarinnar. Er stefnan sett í framhaldi af stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd sem gildi árin 2018 til 2022.

Helstu verkefni / viðfangsefni stýrihópsins væru:

- Að greina stöðu innflytjenda í borginni með því að rýna þau gögn sem til eru, m.a. með skoðun á gildandi stefnumótun og aðgerðaáætlunum.
- Að eiga samráð við hagaðila utan og innan Reykjavíkurborgar.
- Að vinna drög að heildstæðri stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík og aðgerðaáætlun með inngildingu og fjölmeningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.

Í vinnunni væri tekið mið af eftirfarandi þáttum: Reykjavíkurborg sem stjórnvald; sem atvinnurekandi; sem þjónustuveitandi; sem samstarfsaðili og verkkaupi. Stefnan tæki mið af mannréttindastefnu borgarinnar og áherslum í verkefninu Fjölmeningarborgir (e. Intercultural Cities), sem Reykjavíkurborg er aðili að. Hjá starfseiningum Reykjavíkurborgar er mikið og gott starf unnið á hverjum degi sem varðar innflytjendur. Það góða starf sem hefur fest sig í sessi innan borgarinnar er ekki rakið hér, né er það hluti af þessum aðgerðum, s.s. íslenskukennsla fyrir börn og aðgerðir til að auka þátttöku erlendra barna í skipulögðu tómstundastarfi.

Starfshópurinn skipuðu Sabine Leskopf, formaður, Magnea Gná Jóhannesdóttir og Magnús Davíð Norðdahl. Í stað Magnúsar kom síðar Oktavía Hrund Guðrúnar Jóns og einnig tóku sæti Friðjón R. Friðjónsson og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Starfsfólk stýrihópsins var í fyrstu Aleksandra Kozimala en síðar Gerður Gestsdóttir Valgerðardóttir. Átti hópurinn að skila niðurstöðum sínum til borgarráðs fyrir lok maí 2025, en bæði vegna starfsmannamála og meirihlutaskipta í borginni varð hlé á vinnu hópsins og skilaði hann af sér í nóvember sama ár.

Skömmu eftir skipun hópsins sagði félagsmálaráðuneytið upp samningi við Reykjavíkurborg um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Rann sá samningur út í lok júlí 2025. Við það breyttist þjónusta Reykjavíkurborgar og starfsfólki í málaflöknum fækkaði. Í júní var auk þess tilkynnt að félagsmálaráðuneytið hygðist ekki endurnýja samning við Reykjavíkurborg um samræmda móttöku flóttafólks sem rennur út í árslok 2025. Til stæði að færa þá þjónustu að mestu til Vinnumálastofnunar og reyndist því nauðsynlegt að segja upp hluta af starfsmannahópnum. Þegar þetta er ritað ríkir óvissa um hvernig þjónustu Reykjavíkurborgar við flóttafólk verður háttað næstu árin.

Óskaði stýrihópurinn eftir upplýsingum frá öllum sviðum hvernig málaflökurinn tengdist starfi sviðanna og hvert þau vilja stefna á næstu árum út frá fjórþættu hlutverki Reykjavíkurborgar sem stjórnvald, atvinnurekandi, miðstöð þjónustu og sem samstarfsaðili og verkkaupi. Lista yfir spurningarnar má sjá í viðauka. Meðal annars voru öll svið spurð hvaða áherslur verða í forgangi í þessum málaflökki á árunum 2026 til 2030 og eru þau svör sett fram í aðgerðaáætluninni.

Er þessi stefna undirstefna við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023 –2026. Aðrar gildandi [stefnur](#) borgarinnar voru rýndar og frumgreining fór fram á hvernig þær snerta málaflokkinn í tengslum við starfsemi og ábyrgð hjá hverju sviði. Stefnumótunin var kynnt í ráðum og nefndum, einkum Mannréttindaráðinu sem fer með hlutverk fjölmeningarráðs. Hélt ráðið opinn fund með foreldrum af erlendum uppruna þar sem sérstaklega var óskað eftir ábendingum sem gætu nýst þessari stefnumótun.

Skilgreining hugtaka

Inngilding: (e. Inclusion) Inngilding felur í sér að viðurkenna og virða að fólk er fjölbreytt og gera alltaf ráð fyrir því. Inngilding snýr að því að virkja allt fólk til þátttöku og gefa fjölbreyttum hópi fólks kleift að taka þátt í ákvarðanatöku. Enska hugtakið “inclusion” hefur einnig verið þýtt sem “án aðgreiningar”.

Fólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn: Fólk sem býr við fleiri tungumál og/eða menningarheima en þann íslenska í daglegu lífi. Þetta geta t.d. verið þau sem eiga eitt erlent foreldri eða eru fædd á Íslandi en báðir foreldrar erlendir. Þetta er stærri hópur en sá sem skilgreindur er sem innflytjendur.

Innflytjandi: Íbúi á Íslandi sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur. Þetta hugtak nær líka yfir flóttafólk.

Flóttafólk: Einstaklingar sem hafa fengið dvalarleyfi á Íslandi sem flóttafólk. Það getur verið dvalarleyfi vegna alþjóðlegrar verndar, viðbótarverndar, af mannúðarástæðum eða vegna fjöldaflóttu.

Umsækjandi um vernd: Einstaklingur sem er kominn til landsins og hefur óskað eftir að fá alþjóðlega vernd hér en hefur ekki fengið hana. Fólk í þessari stöðu er hvorki með dvalarleyfi né kennitölu og nýtur mjög takmarkaðra réttinda.

Fjölmening: Að leggja áherslu á fjölmenningu vísar til þess að samþykkja, virða og viðurkenna fjölbreytta menningarheima, bakgrunna og sjálfsmyndir innan samfélagsins. Grundvöllur fjölmenningarlegra samfélaga er virðing fyrir fjölbreytileika, jafnrétti og innihaldsrík fjölmennningarleg samskipti.

Stefna:

Stefnan er leiðarljós fyrir alla starfsemi borgarinnar og eru áherslur hennar ofnar inn í starfsemi og stefnumörkun Reykjavíkur. Starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. Hvert svið borgarinnar tekur forystu í þessum málaflokki innan síns sviðs og tryggir að stefnan og inngildandi vinnubrögð séu innleidd í öllu starfi. Innflytjendur eru íbúar, starfsfólk, notendur og/eða samstarfsaðilar allra sviða og skrifstofa Reykjavíkurborgar og er tekið tillit til þess í öllu starfi. Fjölmeningarstefna Reykjavíkur er ein af meginstefnum borgarinnar og samofin öðrum stefnum hennar þar sem nær öll starfsemi borgarinnar hefur með beinum eða óbeinum hætti áhrif á heilsu og líðan allra borgarbúa. Fjölmeningarstefnan styður m.a. við markmið [Græna plansins](#) sem er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030 í því augnamiði að borgin verði efnahagslega, umhverfislega og félagslega sjálfbær. Með því að hrinda úr vegi hindrunum fyrir innflytjendur er einnig verið að greiða götu annarra hópa samfélagsins, t. a. m. þeirra sem þurfa auðlesinn texta, eru með dökkan hörundslit eða hafa táknmál að móðurmáli.

Reykjavík er eflandi, sjálfbært og fjölbreytt borgarsamfélag sem hvetur til virkrar þátttöku, tryggir öryggi og stuðlar að vellíðan allra. Til að ýta undir jákvæða þróun í nútímalegu samfélagi þarf að samþykkja og fagna fjölbreytileika þess.

1. Reykjavíkurborg leggur sig fram við að taka vel á móti nýjum íbúum.
2. Reykjavíkurborg vinnur eftir inngildandi nálgun sem felur m.a. í sér að virða að fólk er fjölbreytt og gera alltaf ráð fyrir því.
3. Reykjavíkurborg leggur sig fram við að virkja allt fólk til þátttöku, gerir fjölbreyttum hópi fólks kleift að taka þátt í ákvarðanatöku á eigin forsendum, skapar öruggt umhverfi og stuðlar að vellíðan allra.
4. Íbúar Reykjavíkur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn upplifa sig sem hluta af borgarsamfélaginu og þeir fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur.
5. Reykjavíkurborg leggur sig fram við að vera þjónandi forysta og vinnustaður sem mætir þörfum fólks óháð uppruna.

Reykjavíkurborg hefur fjórþætt hlutverk sem hefur áhrif á það hvernig einingar borgarinnar vinna að inngildingu og fjölmenningu:

- Sem stjórnvald hefur Reykjavíkurborg sett sér það markmið að vera í fararbroddi þegar kemur að jafnræði, mannréttindum og samvinnu við íbúa af erlendum uppruna. Ákvarðanir sem eru teknar á vegum borgarinnar eru gagnsæjar og hafa hagsmuni borgarbúa og leiðbeiningaskyldu borgarinnar að leiðarljósi. Borgin tekur ábyrgð á að koma á tengslum við og miðla upplýsingum til íbúa með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
- Sem atvinnurekandi vinnur Reykjavíkurborg markvisst gegn mismunun. Með virkum hætti er unnið að því að starfsfólk njóti styrkleika sinna á starfsstöðum borgarinnar, óháð uppruna og fái þann stuðning sem þeir þurfa til að nýta hæfileika sína til fulls. Fjölbreytni er styrkleiki og stefnir borgin að fjölgun innflytjenda í ábyrgðarstöðum.
- Sem þjónustuveitandi vinnur Reykjavíkurborg markvisst og skipulega að því að byggja upp þjónustu, menningarstarf, fræðslu og upplýsingamiðlun í þágu fjölbreytts samfélags. Öll eiga að hafa jafnt aðgengi að þjónustu og tekur hún mið af ólíkum þörfum fólks. Starfsfólk borgarinnar sýnir frumkvæði í að veita þjónustu því það er meðvitað um að innflytjendur þekkja síður kerfið og réttindi sín en aðrir íbúar. Jákvæð samskipti og gagnkvæm virðing á að endurspeglast í allri þjónustu borgarinnar.
- Sem samstarfsaðili og verkkaupi leggur Reykjavíkurborg áherslu á samvinnu við aðra aðila sem vinna að málefnum innflytjenda. Lögð er áhersla á að allir aðilar sem borgin á í viðskiptum við virði réttindi starfsfólks síns. Borgin styður við nýsköpun innflytjenda og þeirra frumkvæði í atvinnusköpun.

Markmið aðgerðaáætlunar:

Eftirfarandi er unnið upp úr svörum og samtölum við svið Reykjavíkurborgar og þjónar sem grundvöllur fyrir áframhaldandi vinnu á sviðunum. Hér eru aðalmarkmiðin sett fram en sviðin munu sjálf setja fram aðgerðir til að ná þessum markmiðum sem þau leggja fyrir sitt fagráð til samþykktar, eða fyrir borgarráð þar sem það á við.

Innflytjendur eru yfir 20% borgarbúa en gert er ráð fyrir að stefnumótunin nýtist enn stærri hópi líkt og Reykvíkingum með dökkan húðlit sem geta upplifað svipaðar áskoranir.

Samþykkt er að:

1. Sviðin kynna sér stefnuna og greina hvernig þessi málaflokkur snertir þeirra starfsemi sem atvinnurekandi, þjónustuveitandi, samstarfsaðili og verkkaupi.
2. Í framhaldi vinna sviðin tímasettar aðgerðir fyrir þessa stefnu og taka mið af þeim áherslum sem koma fram hér.
3. Aðgerðaráætlanir verða lagðar fram til samþykktar í ráðum sviðanna fyrir 1. mars 2026 þegar það á við og er í kjölfarið vísað inn í gerð starfs- og fjárhagsáætlana eftir atvikum.
4. Mannréttindaskrifstofa mun fylgja eftir innleiðingu stefnunnar og leggja fram upplýsingar um framvindu aðgerðaáætlana sviðanna einu sinni á ári.

Fjármála- og áhættustýringarsvið:

1. Greina hvernig samfélagsþróun með tilliti til innflytjenda hefur áhrif á áætlanagerð og langtímasviðsmyndir í fjármálum borgarinnar.
2. Greina hvaða gagnasöfnun varðandi borgarbúa af erlendum uppruna nýtist bæði sviðinu sem og annarri stefnumótun borgarinnar.
3. Klára endurskoðun á innkaupastefnu og reglum með sérstaka áherslu á viðkvæma hópa.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið:

1. Auka með virkum hætti hlutfall starfsfólks með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í ábyrgðarstörfum.
2. Greina hvernig inngilding getur verið leiðarljós í nýrri mannauðs- og stjórnendastefnu.
3. Tryggja að allir starfsstaðir taki þátt í að gefa innflytjendum tækifæri á að sækja íslenskunámskeið á vinnutíma. Greina fjárförf vegna afleysinga í samræmi við annað fræðslustarf.
4. Hanna mentorverkefni fyrir starfsfólk sem er að læra íslensku og kanna möguleika á umbunarkerfi fyrir þann stuðning.
5. Gera fræðslu á Torginu um mat á menntun og reynslu erlendis frá fyrir starfsfólk.
6. Þróa verkferla um viðbrögð ef athugasemd berst vegna orðræðu eða mismununar, samanber verkferla í eineltismálum.
7. Þróa hvatakerfi til að starfsfólk bæti færni í íslensku.

Menningar- og íþróttasvið:

1. Leita leiða til að auka þátttöku aldraðra innflytjenda og flóttafólks í íþróttum og heilsueflingu.
2. Leita leiða til að auka þátttöku innflytjenda í menningarstarfsemi bæði sem listamenn og sem notendur, sbr. menningarstefnu Reykjavíkur.
3. Leitast við að styðja við frjáls félagasamtök innflytjenda og annarra með því að styðja þau í gengum gjaldfrjálsa fundaraðstöðu Borgarbókasafnsins og Hins hússins eða gegn vægu gjaldi þar sem því verður við komið.

Skóla- og frístundasvið:

1. Efla menningarnæmi og fjölmeningarhæfni starfsfólks og hæfni til að vinna með öllum börnum með áherslu á inngildingu.
2. Halda áfram að efla kennslu og stuðning í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.
3. Styðja og valdefla foreldra í hlutverki sínu sem skólaforeldrar.
4. Skapa vettvang og tækifæri fyrir aukna félagsfærni, tengslamyndun og eflandi samskipti barna í skóla- og frístundastarfi.

Umhverfis- og skipulagssvið:

1. Greina hvernig starfsemi sviðsins sem þjónustuveitandi, atvinnurekandi og samstarfsaðili styður við inngildingu.
2. Efla þátttöku jaðarsettra hópa í samráðsferlum.
3. Fræða framlínustarfsfólk um mansal.

Velferðarsvið:

1. Fjölga starfsfólki með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn til að styðja við framlínupjónustu.
2. Efla samstarf við foreldra barna af erlendum uppruna með fjölpættan vanda eða félagslegar áskoranir.
3. Auka virkni og samfélagslega þátttöku eldri borgara af erlendum uppruna.
4. Huga sérstaklega að ungmennum á aldrinum 16 – 18 ára með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Að þeim standi til boða menntun, virkni og annars konar valdefling sem styrkir þau bæði í nútíð og til framtíðar.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið:

1. Vinna að stafrænni inngildingu með því að tryggja að öll rafræn þjónusta, umsókna- og þjónustugáttir séu aðgengilegar og skiljanlegar á öðrum tungumálum.
2. Gera úttekt á tungumálanotkun og hvernig mismunandi hópar upplifa aðgengi að rafrænum upplýsingum.
3. Vinna að útvíkkun á notkun mállíkans til að nota fyrir vélþýðingar í samvinnu við sviðin.
4. Styðja við lýðræðislega þátttöku fólks af erlendum uppruna.

Mannréttindaskrifstofa

1. Rýna þær stefnur og aðgerðaáætlanir sem til eru, sjá erindisbréf.
2. Veita þessari stefnu eftirfylgni árlega.
3. Skoða stöðu innflytjenda meðal annarra hópa sem mannréttindastefnan nær utan um, s.s. hinsegin fólks, fatlaðs fólks, eldri borgara o.s.frv.

Skrifstofa borgarritara:

1. Klára málstefnuna með áherslu á breytingar í samfélaginu og áhrif á samskipti á íslensku en sömuleiðis gæðaviðmið fyrir samskipti á öðrum tungumálum.
2. Efla gagnasöfnun um þátttöku innflytjenda í borgarsamfélaginu (lýðræðislega þátttöku, starfsfólk, notendur þjónustu) með sérstöku tilliti til persónuverndarsjónarmiða.

Skrifstofa viðburða og samskipta:

1. Leggja áherslu á bættu upplýsingamiðlun til innflytjenda.
2. Bæta aðgengi og hvetja til þátttöku á viðburðum borgarinnar.

Viðaukar

Erindisbréf stýrihópsins



Reykjavík, 24. september 2024

MSS24090132

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um stefnumótun fjölmenningarborginnar Reykjavík

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Hlutverk:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að móta heildstæða stefnu um fjölmenningarborgina Reykjavík með fjölmenningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar¹ að leiðarljósi. Áhersla verði lögð á inngildingu (e. inclusive integration), jafnrétti og virka þátttöku fyrir öll í borgarsamfélaginu. Markmið stýrihópsins er tryggja að fjölmenningarleg gildi endurspeglast í allri stefnumótun sem og þjónustu borgarinnar og að framlagi innflytjenda verði gert hærra undir höfði.

Stýrihópurinn á að endurskoða nálgun á málaflokkinn í heild sinni og skapa skýra framtíðarsýn á fjölmenningarborgina Reykjavík.

Í samræmi við fjölmenningaryfirlýsinguna sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 17. september 2019 þarf stefnumótun og eignarhald á aðgerðum fyrst og fremst að vera á vegum sviðanna. Hlutverk stýrihópsins er að tryggja skýran ramma fyrir þá vinnu og að sviðin fái þann stuðning sem þau þurfa. Sérstök áhersla verður lögð á mannauð borgarinnar þannig að starfsfólk endurspegli fjölbreytni samfélagsins og sé í stakk búið til að þjónusta öll.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að greina stöðu innflytjenda í borginni með því að rýna þau gögn sem til eru um málaflokkinn m.a. með skoðun á gildandi stefnumótun og aðgerðaráætlunum.
- Að eiga samráð við hagaðila utan og innan Reykjavíkurborgar.
- Að vinna drög að heildstæðri stefnu um fjölmenningarborgina Reykjavík og aðgerðaráætlun með inngildingu og fjölmenningaryfirlýsingu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi.

Í vinnunni sé tekið mið að eftirfarandi þáttum: Reykjavíkurborg sem stjórnvald; sem atvinnurekandi; sem þjónustuveitandi; sem samstarfaðili og verkkaupi.

Stefnan taki mið af mannréttindastefnu borgarinnar og áherslum í verkefninu Fjölmenningarborgir (e. Intercultural Cities), sem Reykjavíkurborg er aðili að.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Sabine Leskopf, formaður
Magnea Gná Jóhannsdóttir

¹ Fjölmenningaryfirlýsing Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn þann 17. september 2019.



Magnús Davíð Norðdahl
[Fulltrúi borgarstjórnar]
[Fulltrúi borgarstjórnar]

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Aleksandra Kozimla, starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Til ráðgjafar og samstarfs:

Við vinnu við gerð stefnunnar skal haft náið samráð við fjölmenningarráð Reykjavíkurborgar.

Auk þess skal haft samráð við hagsmunafélög innflytjenda, svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar. Að auki leiti starfshópurinn ráðgjafar utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil og skil:

Niðurstöður stýrihópsins verði lagðar fyrir borgarráði fyrir lok maí 2025.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Spurningar sem sendar voru sviðum og skrifstofum

1. Er sviðið með sérstaka stefnu er varðar innflytjendur? Eru þeir nefndir sérstaklega í þeim stefnum sem varða sviðið? Ef ekki, af hverju ekki?
2. Er tiltekið starfsfólk formlega ábyrgt fyrir að hafa umsjón og þekkingu á starfi sviðsins er varðar innflytjendur? Er það í fullu starfi við það, skilgreindu hlutastarfi eða bara með öðru? Ef ekki, af hverju ekki?
3. Er gögnum safnað um starfsemi sviðsins og þau nýtt í að bæta starf og stefnu, s.s. um notendur, starfsfólk eða samstarfsaðila? Eru þessi gögn greind eftir uppruna? Ef ekki, af hverju ekki?
4. Hvaða tölfærði vantar sem gæti gagnast sviðinu til að efla starf og stefnu?
5. Eru upplýsingar ætlaðar starfsfólki, samstarfsfólki og notendum sviðsins aðgengilegar þeim sem ekki tala íslensku (vefsíða, bæklingar, eyðublöð, umsóknir o.s.frv.)? Ef ekki, af hverju ekki?
6. Eru einhverjar aðgerðir í síðustu stefnu sem sviðinu finnst mikilvægt að verði áfram í næstu stefnu og aðgerðaáætlun?
7. Hvaða áherslu vill sviðið hafa í þessum málaflokki á árunum 2026 til 2030?

Gögn sem höfð voru til hliðsjónar

[Skills and labour market integration of immigrants and their children in Iceland](#), OECD 2024.

[ICC index analysis 2020: Reykjavík](#), Intercultural Cities 2020.

[Fjölmenningaryfirlýsing Reykjavíkurborgar](#), Borgarstjórn Reykjavíkur 2019.

[Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd 2018 – 2022](#), Borgarstjórn Reykjavíkur 2018.

[Model framework for an intercultural integration strategy at the national level. Intercultural integration strategies: Managing diversity as an opportunity](#). Steering committee on anti-discrimination, diversity and inclusion (CDADI) 2021.

[Rethinking welcoming policies from an intercultural perspective](#). Intercultural Cities. 2022

[Green urban planning for intercultural cities](#). Intercultural Cities. 2022

Reykjavík, 9. desember 2025

UMSÖGN

Höfuðborgardeildar RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

Um stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar á ofangreindri stefnu. Rauði krossinn á Íslandi og deildir félagsins standa vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinna að málefnum þeirra sem verst standa hverju sinni, þ.a.m. flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Félagið hefur mikla reynslu af sálfélagslegum og félagslegum stuðningi við flóttafólk, aðstoð við fólk með verndarstöðu vegna fjölskyldusameininga og inngildingu (*e. inclusion*).

Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grunngildi hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Almennar athugasemdir

Höfuðborgardeild Rauða krossins fagnar því að sett sé fram ný stefna varðandi fjölmenningsborgina Reykjavík. Reykjavík hefur jafnan verið fremst í flokki meðal sveitarfélaga við að vinna að inngildingu og stefnumörkun hvað hana varðar. Má og vænta að önnur sveitarfélög líti til höfuðborgarinnar sem leiðbeinandi aðila hvað þessi mál varðar.

Höfuðborgardeild Rauða krossins tekur stefnumiðin fimm ná vel utan um það sem þarf til að inngilding takist vel og fagnar sérstaklega þriðja stefnumiðinu um að virkja fólk til þátttöku og ákvarðanatökum á eigin forsendum. Allar rannsóknir benda til að þátttaka og það að rödd viðkomandi fái að heyrast og á hana sé hlustað sé ávallt vænlegra til árangurs. Stefnan segir það einnig nokkuð skýrt að inngilding krefst skuldbindinga af hálfu beggja aðila, þess samfélags sem þarf að aðlagja sig að breytttri samsetningu íbúanna og síðan nýju íbúanna sjálfra.

Deildin telur miður að nokkur tími líði milli áætlana, þ.e. síðasta áætlun varði til 2022 og þessari er ætlað að taka gildi frá og með 2026 en þó líklega í raun nokkru síðar þegar öllum áætlunum hefur verið skilað og þær samþykktar. Hröð þróun er í málaflokkum innflytjenda og flóttafólks og því mikilvægt að stefnumótun hvað hann varðar sé í stöðugri og samfelldri þróun. Ennfremur hefði verið afar hjálplegt að sjá einhvers konar stöðutöku á því hvernig síðasta stefna virkaði, hvað gekk vel og hvað síður vel, til að byggja á skynsamlega áframhaldandi þróun.

Höfuðborgardeild óskar borginni góðs gengis við áframhaldandi vinnu og er ávallt til samtals um mögulega samvinnu og samráð sem gagnast megi við inngildandi móttöku nýrra íbúa.

Með vinsemd og virðingu

Ósk Sigurðardóttir

Deildarstjóri Höfuðborgardeildar Rauða krossins á Íslandi

Reykjavík, 4. desember 2025.

Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík.

Mannréttindastofnun Íslands fagnar þeirri fyrirætlun Reykjavíkurborgar að setja sér heildstæða stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Tekur stefnan við af fyrri stefnu sama efnis sem gildi árin 2018 til 2022 og byggir á umfangsmikilli vinnu stýrihóps um stefnumótun fjölmenningsborgarinnar Reykjavíkur.

Að mati Mannréttindastofnunar er stefnan afar vel unnin, og byggir á góðum grunni þar sem stýrihópnum voru falin umfangsmikil viðfangsefni sem meðal annars fólust í greiningu á stöðu innflytjenda í borginni og samráði við hagaðila auk þess að taka mið af ýmsum þáttum svo sem mannréttindastefnu borgarinnar og áherslum í verkefninu Fjölmenningsborgir. Stofnunin fagnar og þeirri grundvallarnálgun að málefni Reykvíkinga af erlendum uppruna eru ekki sérverkefni heldur koma öllum við í borgarkerfinu enda telur stofnunin mikilvægt að áhersla sé lögð á að þó svo að taka þurfi tillit til sérstöðu íbúa borgarinnar af erlendum uppruna þá skilur ekkert þá frá öðrum íbúum borgarinnar. Í grunninn erum við manneskjur, eins misjafnar og við erum margar.

Mannréttindastofnun telur og jákvætt að markvisst skuli stefnt að því að ráða fleiri einstaklinga af erlendum uppruna í ábyrgðarstörf. Það er lykillinn að þátttöku innflytjenda í samfélaginu og inngildingu að fullorðnir og börn af erlendum uppruna geti endurspeglad sig í þeim fyrirmyndum sem til staðar eru og skilji að þjónusta borgarinnar er fyrir alla íbúa hennar. Fólk hefur ætíð ríka tilhneigingu til að spegla sig, bæði í ráðningum og þegar þjónusta er veitt.

Innflytjendur eiga oft undir högg að sækja þar sem þeir, oft og tíðum, þekkja ekki réttindi sín og skyldur, hafa mestan part aðeins aðgang að láglunastörfum og eru því oft í viðkvæmri stöðu og eiga á hættu ýmiss konar misnotkun og hagnýtingu. Ef þeir reyna að leita réttar síns er þeim erfitt um vik af framangreindum ástæðum. Til skamms tíma sá Mannréttindaskrifstofa Íslands um ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur með túlki ef á þurfti að halda. Var ráðgjöfin veitt á grundvelli samstarfssamnings við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið en eftir að skrifstofan hætti störfum er ekki lengur völ á slíkri þjónustu.

Á árum áður stóð Reykjavíkurborg fyrir lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur í gegnum framlag sitt til Alþjóðahúss og síðar með samningi við Mannréttindaskrifstofu Íslands. Mannréttindastofnun hvetur borgina til að taka upp ráðgjöf við innflytjendur að nýju eða að beita sér fyrir því að hún verði í boði á landsvísu.

Mannréttindastofnun telur og mikilvægt að borgin sé leiðandi í umræðunni um mannréttindi og innflytjendur einkum vegna þeirrar neikvæðu umræðu sem orðið hefur vart við undanfarið varðandi innflytjendur og flóttamenn, jafnt innanlands sem og á alþjóðavísu.

Að lokum bendir Mannréttindastofnun á að hlutverk hennar er meðal annars að vera opinberum aðilum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um málefni sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti.

Reykjavíkurborg
Mannréttindaskrifstofa
Túngötu 14
101 Reykjavík

10. desember 2024

Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um drög að stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík 2026-2030

ÖBÍ réttindasamtök (ÖBÍ) eru heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi. Hlutverk samtakanna er að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks í hverskyns hagsmunamálum. ÖBÍ fagnar gerð stefnu um fjölmenningsborgina Reykjavík.

ÖBÍ vill benda á að hvergi í drögunum er getið um markmið eða aðgerðir sem varða fatlað fólk af erlendum uppruna. Líkt og fram kemur í grænbók ráðunetis félagsmála um innflytjendur og flóttafólk ber að hafa í huga að fyrir fötluðum innflytjendum liggja fleiri áskoranir en fötluðum innfæddum þar sem til viðbótar við áskoranir fötlunar þeirra bætist sértækar áskoranir sem stafa af stöðu þeirra sem innflytjendur. Sértæk staða fatlaðra innflytjenda og fjölskyldna þeirra felist oft í tungumálaáskorunum, þeir búi við veikt félagslegt bakland, eru líklegri til að vera úr hópi lágtekjufólks eða undir fátæktarmörkum.¹ Þá hafa þau oft enn minni þekkingu en aðrir í sömu stöðu á hvar og hvernig þeir geta nálgast upplýsingar og eða fengið aðstoð. Því er mjög mikilvægt að upplýsingar um málefni er varði fötlun séu aðgengilegar fólki af erlendum uppruna. ÖBÍ leggur því til að stefnan innihaldi markmið og aðgerðir sem miða að því að koma til móts við sértæka stöðu fatlaðs fólks af erlendum uppruna.

ÖBÍ vill einnig benda á mikilvægi þess að leitað verði leiða til að auka þátttöku fatlaðra barna í íþróttum og öðru frístundastarfi óháð uppruna. Það skortir enn talsvert upp á að fötluð börn eigi sama val og ófatlaðir jafnaldrar þeirra á ýmsum sviðum, til að mynda í íþróttum, félagsstarfi og út í samfélaginu almennt.

ÖBÍ er reiðubúið til samráðs, ráðgjafar og samvinnu á öllum stigum málsins. Frekari athugasemdum verður komið á framfæri gerist þess þörf.

Ekkert um okkur án okkar!

Alma Ýr Ingólfssdóttir
Formaður ÖBÍ

Andrea Valgeirsdóttir
lögfræðingur ÖBÍ

Sigurður Árnason
Lögfræðingur ÖBÍ

¹ Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttamanna, nóvember 2023: [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Graenbok_i_malefnum_innflytjenda_og_flotta-folks%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Graenbok_i_malefnum_innflytjenda_og_flotta-folks%20-%20Copy%20(1).pdf), bls. 32.

25.11.2025

1 - Morgane Céline C. Priet-Maheo

Það er margt sem þarf að bæta til að tryggja að Reykjavíkurborg verði raunverulega fjölmenningsborg.

Meðal annars:

- Tryggja að öll börn sem búa í Reykjavík hafi aðgang að skóla (frá leikskóla til menntaskóla), óháð stöðu foreldra þeirra.

Í dag er börnum á leikskólaaldri sem eru á flóttu til dæmis synjað um leikskólalátt.

- Tryggja að allar barnafjölskyldur í neyð geti nýtt sér rétt sinn hjá Reykjavíkurborg sem útlendingar í neyð þannig að engin börn séu á götunni í Reykjavík eða sett í viðkvæma stöðu þar sem foreldrar þurfa að leita aðstoðar hjá ókunnugu fólki.

Í dag er það þannig að fjölskyldur á flóttu eru stundum svipt þjónustu Útlendingastofnunar og lenda á götunni, og Reykjavíkurborg neitar þá að aðstoða þær.

Flóttafólk er viðkvæmasti hópur innflytjenda, og stuðningur við réttindi þessa hóps er lykilatriði til að tryggja inngildingu og virðingu fyrir réttindum allra innflytjenda á Íslandi.

27.11.2025

2. Hjalti Sigmundsson

Ég skrifa þetta sem íbúi í Reykjavík sem metur íslenska menningu og menningararf og hefur áhyggjur af stöðu íslenskunnar. Hlutfall innflytjenda sem ná tökum á íslensku er eitt það lægsta í Evrópu. Það er kerfisbundið vandamál sem hefur bein áhrif á samfélagslega samheldni, lífsgæði og getu samfélagsins til að viðhalda íslenskri tungu.

Drögin leggja mikla áherslu á inngildingu, fjölbreytileika og réttindi, sem eru mikilvægar stoðir í lýðræðislegu samfélagi. En í textanum er íslenskan sett til hliðar sem aukaatriði. Í mörgum köflum er rætt um „aðgengi að þjónustu á öðrum tungumálum“, „fjölmenningsleg samskipti“ og „stafræna inngildingu“ án þess að skýrt sé kveðið á um kröfur til virks íslenskunáms eða ábyrgð borgarinnar á að tryggja að nýir íbúar geti tekið þátt á íslensku.

Það vantar skýra stefnu um tungumálið.

Á bls. 8 segir að skrifstofa borgarritara eigi að „klára málstefnuna“ og setja „gæðaviðmið fyrir samskipti á öðrum tungumálum“ ². Þessi framsetning stillir íslensku upp sem einhverju sem er í vinnslu á meðan áhersla er þegar mótuð og fjármögnuð á fjöltyngi. Þetta snýr á haus hversu einstaklega brothætt íslenska er í alþjóðlegu samhengi.

Stefnumótunin til 2030 þarf að byggja á tveimur meginsjónarmiðum sem hér vantar:

1. Samfélagsleg samheldni byggist á sameiginlegu tungumáli.

Það er hvorki útilokun né mismunur að gera kröfu um íslenskukunnáttu; það er forsenda þess að fólk geti tekið virkan þátt í skóla, starfi, menningu og lýðræði. Stefnan nefnir þátttöku íbúa með erlendan bakgrunn í lýðræðisferlum, en gerir ekki ráð fyrir því að þátttaka án íslenskukunnáttu þýði varanlega tvískiptingu.

2. Þjónusta á mörgum tungumálum á ekki að koma í stað skyldu til íslenskunáms.

Rafræn þjónusta á ensku eða pólsku er hjálpleg sem stuðningur, en hún má ekki verða kerfislæg hvati til að sleppa íslenskunámi. Í aðgerðalista þjónustu- og nýsköpunarsviðs er lögð áhersla á „skiljanlega þjónustu á öðrum tungumálum“ og „vélþýðingar“ [2]. Það dugar ekki sem stefna til langs tíma, og stuðlar að enn frekari lægð í íslenskunámi.

Stefnan talar um „inngilding“ á bls. 3–4 sem leiðarljós, en ekkert er sagt um að inngilding felist einnig í því að nýir íbúar tileinki sér tungumál landsins og menningarlegan veruleika þess [2]. Þetta er veikleiki í grundvallarhugmyndafræði stefnunnar.

Ég tel einnig mikilvægt að staldra við eftirfarandi:

- Á bls. 6 er markmið að borgin „virkji allt fólk til þátttöku“ og að „fjölbreyttur hópur fólks taki þátt í ákvarðanatöku á eigin forsendum“ [2]. Ef tungumálið er ekki sameiginlegur grundvöllur verður niðurstaðan að hópar lifa hlið við hlið án raunverulegrar tengingar.
- Í aðgerðalista mannauðssviðs (bls. 7) er lögð áhersla á að fjölga innflytjendum í ábyrgðarstörfum. Þetta er jákvætt í sjálfu sér, en stefnan nefnir hvergi skilyrði um íslenskufærni fyrir slík störf. Þetta mun grafa undan íslensku í opinberum stofnunum, sérstaklega í borgarkerfi sem nú þegar glímur við tungumálaáskoranir.

Ég tel rétt að setja fram eftirfarandi sjónarmið:

1. Íslenskan þarf að vera kjarnaviðmið í allri stefnumótun borgarinnar.

Krafa um íslenskukunnáttu á að vera skýr og óundanþæg fyrir störf innan borgarinnar, fyrir aðgengi að félags- og fræðslukerfinu og fyrir lýðræðislega þátttöku.

2. Þjónusta á öðrum tungumálum á að vera undantekning, ekki grunnlína.

Slík þjónusta á að vera bráðabirgðalausn á meðan einstaklingar eru að ná tökum á íslensku.

3. Fjárfesting í íslenskukennslu þarf að vera miðpunktur stefnunnar.

Ekki aukaatriði sem einstaka svið „skuli hugleiða“. Þar á að vera samræmd, vel fjármögnuð og árangursdrifin áætlun.

4. Fjölmennig án tungumálslegrar sameiningar leiðir til félagslegrar tvískiptingar.

Þetta hefur gerst víða í Evrópu. Reykjavík á ekki að feta sömu braut.

Ég styð ýmislegt í stefnunni, sérstaklega áherslur á mannréttindi, þátttöku og gagnsæi. En án þess að íslenskan sé sett í öndvegi verður stefnan að því að veikja stöðu íslenskunnar og ýtir undir tungumálaskipti. Niðurstaðan verður samfélag sem er ekki fjölmenningsamfélag heldur fjölþjóðlegt hliðrunarsamfélag þar sem tungumálið sem mótar menningu og sjálfsmynd Reykjavíkur tapar stöðu sinni.

Ég hvet borgina til að endurskoða stefnuna með þetta í huga.

28.11.2025

3 - Ólafur Torfi Yngvason

Setningar eins og þessi:

"Auka með virkum hætti hlutfall starfsfólks með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í ábyrgðarstörfum."

Koma nokkrum sinnum fyrir í stefnunni, og hljómar eins og að það standi til að mismuna fólki eftir menningarbakgrunni. Það stríðir gegn ýmsum öðrum stefnum, reglum og jafnvel lögum, því það ætti að koma jafnt fram við fólk óháð menningarbakgrunni.

Heilt yfir virðist þessi stefna kalla eftir ógrynni af vinnu við greiningar og leitir eftir leiðum til að gera ýmislegt. Þeim kröftum væri etv. betur varið í þjónustu við borgarbúa? T.d. Kvöldskóla í íslensku, leikskóla eða félagsstarf ungmenna.

4.12.2025

5 - Barialai Hassan Zai

Integrating refugees and migrants into Icelandic society involves several key strategies and initiatives.

I will here by mention a few of them:

More conservative language courses and recognition of foreign education degrees.

Stop creating ghettos in Reykjavík there is places in Reykjavik that are not safe because of youngsters who represent themselves as gang violence is increased in some area of Reykjavik.

And much more.